

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

228. FUNDUR.

228. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 8. janúar 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Oddviti setti fund.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundagerð 231. fundar skipulags- og umhverfisráðs; 2. dagskrárliður. Oddviti kynnti.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að heimila Skúla Einarssyni og Ólöfu Ólafsdóttur að stofna þrjár nýjar lóðir úr landi Tannstaðabakka lnr. 144054. Lóðirnar munu heita Tannstaðabakki lóð 1, - lóð 2 og - lóð 3, samkv. hnitsettum uppdráttum gerðum af Indriða Þór Einarssyni. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir einnig fyrir sitt leyti að lóðirnar Tannstaðabakki lóð 1 og lóð 3 verði teknar úr landbúnaðarnotkun. Öll hlunnindi ásamt lögbylisrétti munu áfram tilheyra jörðinni Tannstaðabakka. Sveitarstjórn Húnaþings vestra bendir á að landeigendur þurfa að sækja um leyfi hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti svo hægt sé að taka umræddar lóðir úr landbúnaðarnotkun.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl.15:20

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir..

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.